

Formaspil

Efni:

- Þykkt pappaspjald skorið í stærð A2
- Litað karton sem er límt ofan á pappaspjaldið
- Plast og plöstunarfél
- Skæri
- Lím
- Bókaplast
- Karfa undir lausu spjöldin
- Teningur og spilakarlar

Aðferð:





















- Formin prentuð út (hver blaðsíða í þremur eintökum), klippt, plöstuð og klippt aftur. Hluti af formunum er þó ekki plastaður (rúmlega 20 stk. af hverju formi) heldur límdur á spilaborðið (sjá mynd) Prentið hvert form í einum lit svo þau séu eins báðum megin. Gott að prenta út á kartonpappír sem prentarinn þolir.
- Byrja og Endareitirnir prentaðir út, klipptir og límdir á spilaborðið.
- Stóra kartonið sniðið að pappaspjaldinu og límt ofan á það.
- Byrja og Endareitirnir og óplöstuðu formin eru límd á spilaborðið og það svo plastað með bókaplasti.





















Spilið:





- Fyrir 2-4 leikmenn.
- Skipst er á að kasta teningnum og spilakarlinn færður áfram jafnmarga reiti og teningurinn segir. Á þeim reit sem stoppað er á í hvert sinn er samsvarandi form tekið og sett til hliðar.
- Spilinu getur lokið þegar sá fyrsti kemst á Enda reitinn eða þegar allir komast þangað.
- Þegar spilinu er lokið er upplagt að flokka sín form, telja hvert fyrir sig og bera saman við hina. „Fékk ég öll formin eða voru einhver form sem ég fékk ekki?, Af hvaða formi fékk ég minnst-mest? Fékk ég jafnmarga af einhverju formi?“
- Í lokin ef tími vinnst til er upplagt að búa til myndir úr formunum.





















ATH: Það er mjög þægilegt að geyma svona spil með því að gata eina hlið við sinnhvorn endann og setja band á milli. Þá er hægt að hengja þau upp á vegg á króka eða nagla og börnin sjá þau þá og geta auðveldar valið sér spil til að spila.





























Byrja

Enda